

Rífflanefnd Skotfélags Reykjavíkur heldur árlegt Áramót SR í Bench-Rest föstudaginn 31. desember 2010. Mæting er

**kl. 10:00**

en fyrsta hrinan verður skotin

**kl:11:00**

Skotið verður svokallað „**Varmint for score**“ á **100 metrum** samkvæmt amerískri fyrirmynd. Í stórum dráttum gengur það út á að hitta miðpunkt skotskífu sem er 1/4 tommu og stig gefin eftir því. Keppnin samanstendur af því að skotnar verða 5 skífur með 5 punktum hver eða samtals 25 skot sem ákvarða árangur. Á hverri skífu er punktur sem skjóta má að vild, svokallaður sighter. Á undan fyrstu keppnis skífunni er skotið á eina skífu svokallað „warm- up“ til þess að menn geti stillt sig inn og áttað sig á vindi eða öðrum skilyrðum. Fyrir warm- up hrinuna hafa menn 10 mínútur en 7 mínútur fyrir hinar.

Allir rífflar eru gjaldgengir og allir sjónaukar leyfilegir. Skotið er af resti og sandpoka eða tvífæti ef menn vilja. Mussle break eru ekki heimil.

Þátttakendum verður skipt í þrjá flokka eftir gerð ríffla.

1. **Óbreyttir veiðirífflar**
2. **Breyttir veiðirífflar**
3. **Bench-Rest rífflar**

Mótstjóri ákvarðar flokkun keppenda eftir gerð ríffla.

Skráning í mótið er á staðnum.

Einhverjar veitingar verða á boðstólum eftir að móti lýkur. Allir skotmenn eru velkomnir. Mótagjald kr. 1.000-

( sama verð fyrir utanfélagsmenn jafnt og félagsmenn )

Skotfélags Reykjavíkur. Þess má einnig geta að Hlað og Ísnes styrkja mótahaldið.